

**REGLUGERÐ****um skoðunargjald ökutækja.****1. gr.**

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 50 nýkróna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

**2. gr.**

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 20 nýkrónur í skoðunargjald.

**3. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umfreðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 522 31. desember 1979 um skoðunargjald ökutækja.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1980.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**AUGLÝSING****um gjaldskrá hlutafélagaskrár.**

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög er gjaldskrá hlutafélagaskrár hér með ákveðin þannig:

1. Skráning nýs hlutafélags .....	nýkr. 535
2. Skráning starfsstöðva erlendra hlutafélaga .....	nýkr. 360
3. Skráning breytinga á eldri skráningu .....	nýkr. 60
4. Löggilding skilaneftarmanna vegna slita á hlutafélögum .....	nýkr. 75
5. Vottorð úr hlutafélagaskrá .....	nýkr. 13
6. Ljósrit .....	nýkr. 6

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Eiga ákvæði 1., 4. og 7. tl. 3. gr., 2. tl. 7. gr., 8. tl. 8. gr., svo og ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 510 28. desember 1979 um aukatekjur ríkissjóðs þá ekki lengur við um hlutafélög.

*Viðskiptaráðuneytið, 22. desember 1980.*

**Tómas Árnason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*